

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

- A. 1. **Til lýsingar:** Um kwst.mæli á kr. 2.35 hverja kwst. auk fastagjalds er reiknast þannig:
 Kr. 3.87 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- B. 1. **Til heimilisnotkunar:** Um kwst.mæli kr. 2.00 hverja kwst. auk fastagjalds er reiknast þannig:
 Kr. 16.90 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- C. 1. **Til véla:** Um kwst.mæli kr. 2.30 hverja kwst. auk fastagjalds er reiknast þannig:
 Kr. 50.00 á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kwst.mæli án fastagjalds þannig:

- A. 2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
 Kr. 9.60 fyrir hverja kwst.
- B. 2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akranesshöfn:**
 Kr. 5.00 fyrir hverja kwst.
- C. 2. **Til véla í matvælaíðnaði:**
 Kr. 1.75 fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsúðu málma.
- D. 2. **Til götu og hafnarlýsingar:**
 Samkvæmt árlegri ákvörðun Bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:**A. 3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kw. afl. sem mesta ársálag:**

Kr. 2300.00 fyrir hvert kw. mesta álags á árinu, og kr. 0.68 fyrir hverja kwst.

2. Hitanotkun.

Um kwst.mæli á:

E 1.	170	aura/kwst., án rofs.
E 2.	92	aura/kwst., með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
E 3.	85	aura/kwst., með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
E 4.	68	aura/kwst., með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
E 5.	48.5	aura/kwst., með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

Gjaldið breytist með útsöluverði á díselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið kr. 4.39 á olíulítra. Gjaldið standi jafnan á heilum og hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
 - Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.
 - Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
 - Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.
- Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. KAFLI**MÆLA- OG ROFALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1. Af einfasa kwst.mæli, allt að 30 amp.	kr. 8.00 á mán.
2. Af brífasa kwst.mæli, 50 amp. og minni	— 16.00 — —
3. Af brífasa kwst.mæli, yfir 50 amp. til 200 amp.	— 39.00 — —
4. Af brífasa kwst.mæli, yfir 200 amp.	— 58.00 — —
Af klukkrofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:	
1. Af ein- eða tvíþóla kl.rofa 40 a. og minni	kr. 51.00 á mán.
2. Af þríþóla kl.rofa 60 a. og minni	— 64.00 — —
3. Af þríþóla kl.rofa yfir 60 a. til 200 a.	— 80.00 — —
4. Af þríþóla kl.rofa yfir 200 a.	— 102.00 — —
5. Af fjarstýrandi klukkurofa	— 16.00 — —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni skal ársléig-an vera sem næst 20% af verði tækisins.

Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugar).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur stofnvara		Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loft.h. allt að 30 m kr.
	220 V kerfi amp.	380 V kerfi amp.		
1.1	2 × 60	1 × 60	13	4 930.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	6 920.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	10 020.00
1.4		3 × 100	66	16 400.00
1.5	3 × 200		76	18 600.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	30 600.00
1.7		3 × 350	231	52 200.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 1800.00.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (430 + 5,4 \times \text{kVA})$ kr./m.

Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: $Y_l = (72 + 3,6 \times \text{kVA})$ kr./m, að viðbættum 3600.00 kr. á hvern stólpa í umfram línu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	34 600.00
2.2	300	69 600.00
2.3	500	110 100.00
2.4	750	164 000.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaði skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjalda skv. þessari gjaldskrá. Þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda, sem tók gildi 1. nóvember 1970 gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 150.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

Þæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 35 4. febrúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis
nr. 187/1962 sbr. breyting nr. 142/1964.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Hitagjald til garðyrkju og iðnaðar verði kr. 52.00 pr. m² gólfflatar á ári.
2. Hitagjald til annarra húsa verði kr. 78.00 pr. m² gólfflatar á ári.
3. Þeir, sem fá varma frá opnum hverum og leiða sjálfir í hús sín greiði kr. 45.00 pr. m² gólfflatar á ári fyrir gróðurhús og iðnaðarhús, en kr. 57.00 fyrir önnur hús.
4. Fyrir önnur varmaafnot greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður, að fengnum tillögum hitaveitunefndar.

Lágmarksgjald samkvæmt þessari grein er kr. 7800.00 á ári.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Heimæðagjald skal greiða af öllum húsum, sem tengd verða við hitaveituna og skal það svara til eins árs hitagjalds fyrir hvert hús.
2. Heimæðagjald greiðist áður en tenging hússins fer fram.
3. Lámargsgjald samkvæmt þessari grein er kr. 7800.00.